

A 1897/UVU

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin um

Þingmannatillögu**um rafrænan vettvang fyrir greiðslur innanlands og milli Norðurlandanna****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að vinna að sameiginlegu rafrænu greiðslukerfi á Norðurlöndum;

að vinna að því að öll Norðurlöndin styðji hugmyndina um sameiginlegt rafrænt greiðslukerfi í löndunum;

að stuðla að aukinni samstöðu að því er varðar framkvæmd eftirlits á markaði fyrir greiðsluþjónustu á Norðurlöndum.

Til skýringar

Við viljum að Norðurlönd verði samþætt svæði á heimsmælikvarða. Þessu er oft lýst yfir í umræðum og hátíðarræðum sem fjalla um norrænt samstarf. Um það ríkir enginn pólitískur ágreiningur.

Vel samþætt Norðurlönd fela í sér að við getum búið, farið ferða okkar, stundað nám og vinnu og viðskipti á öllum Norðurlöndunum án þess að þurfa að velta fyrir okkur hvorum megin landamæranna við erum. Í heimsfaraldrinum reyndi verulega á þolrif norræns samstarfs. Landamærin voru ekki lengur opin, búseta í einu landi og vinna í öðru gekk brösuglega fyrir sig, ferðalög til að heilsa upp á fjölskyldu og vini í grannríki urðu nánast ómöguleg. Við sjáum því miður að áhrif heimsfaraldursins drógu verulega úr hugmyndinni um samþætt svæði á heimsmælikvarða.

Á meðan á heimsfaraldrinum stóð kviknuðu hins vegar einnig hugmyndir um hvernig megi þróa norrænt samstarf áfram. Stafvæðing á Norðurlöndunum er langt á veg komin og þróaðist enn frekar þegar við gátum ekki lengur hist í eigin persónu. Rafrænir fundir urðu fyrir marga eini möguleikinn til að stunda vinnu og halda sambandi við fjölskyldu og vini. Samfélag án peninga festist enn frekar í sessi og í dag er sjálfsagðara að borga með símanum en að borga með reiðufé.



Rafrænar greiðslulausnir eru þegar til staðar á öllum Norðurlöndunum. Í Svíþjóð er notast við rafrænu greiðsluþjónustuna Swish, í Noregi er það Vipps og í Danmörku MobilePay. Vandamálið er að þessi kerfi eiga ekki samskipti sín á milli. Ef farið er yfir landamærin til að versla eða þegar á að senda peninga í afmæli barnabarnsins í öðru norrænu ríki, þá virkar rafræna greiðslukerfið ekki. Sameiginlegt rafrænt greiðslukerfi á Norðurlöndum gæti gert okkur sem búum hér auðveldara fyrir, gagnast verslun milli landanna og verið skref í áttina að samþættu svæði á heimsmælikvarða.

Á Norðurlöndum búa í dag um það bil 27 milljónir manna, við erum öflugt svæði og sem heild erum við sterk á alþjóðavettvangi, en samstarfið er ekki sjálfgefið. Framtíð samstarfsins veltur á því að við sem hér búum og störfum sjáum okkur hag í að gera hlutina saman og ekki hvert í sínu horni.

Til þess að norrænt greiðslukerfi megi verða að veruleika þurfa í fyrsta lagi öll Norðurlöndin að styðja hugmyndina, í öðru lagi þarf að samræma löggjöf og þróa samstarf eftirlitsstofnana landanna. Markmiðið með greiðslukerfinu er að efla norrænt samstarf, en einnig – og ekki síst – auðvelda og skapa virðisauka fyrir okkur íbúa landanna.

Flokkahópur hægrimanna leggur því til að Norræna ráðherranefndin/ríkisstjórnir Norðurlandanna vinni að stofnun sameiginlegs rafræns greiðslukerfis á Norðurlöndum, auk þess sem Norræna ráðherranefndin/ríkisstjórnir Norðurlandanna vinni að því að öll Norðurlöndin styðji hugmyndina.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að vinna að sameiginlegu rafrænu greiðslukerfi á Norðurlöndum, að vinna að því að öll Norðurlöndin styðji hugmyndina um sameiginlegt rafrænt greiðslukerfi í löndunum, auk þess að stuðla að aukinni samstöðu að því er varðar framkvæmd eftirlits á markaði fyrir greiðsluþjónustu á Norðurlöndum.

Forsaga tillögunnar er sú að í dag eru til rafrænar greiðslulausnir í löndunum en ekki neitt sameiginlegt norrænt greiðslukerfi þar sem rafrænar greiðslulausnir landanna geta átt samskipti sín á milli.

Forsendur sameiginlegs rafræns greiðslukerfis á Norðurlöndum eru til staðar. Norðurlandaráði hefur borist svar frá ríkisstjórnunum Norðurlandanna varðandi Tilm. 31/2021 um norræna bankaþjónustu á rauntíma þar sem Norðurlandaráð óskar eftir greinargerð ríkisstjórna Norðurlandanna um það sem gert er til að greiða fyrir P27-verkefninu og sambærilegri þjónustu á rauntíma milli Norðurlandanna.

Svarið við Tilm. 31/2021 frá ríkisstjórnunum Norðurlandanna bendir til þess ríkisstjórnir Norðurlandanna og seðlabankarnir hafi góðar forsendur til að stuðla að sameiginlegu rafrænu greiðslukerfi Norðurlandanna.

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin samþykkti á fundi sínum 25. janúar 2022 að bæta við tillögu flokkahóps hægrimanna með því að breyta tillögunni úr greiðslukerfi,



eintala, í greiðslukerfum, fleirtala, þar sem hugsast getur að margir ólíkir aðilar vilji taka þátt á markaðnum.

Malmö, 21. mars 2022

Anders Eriksson (ÅF)

Anna Vikström (S)

Anne Kristine Linnestad (H)

Arman Teimouri (L)

Freddy André Øvstegård (SV)

Jaspur Langgaard (sb)

Karianne B. Bråthen (A)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Lars Püß (M)

Maria Stockhaus (M)

Orrí Páll Jóhannsson (VG)

Per Olav Tyldum (Sp)

Stein Erik Lauvås (A)

Tor André Johnsen (FrP)

Vilhelm Junnila (saf)